

Auglýsing

96
4. ág.

um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1913, um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu, er hjermeð staðfest eftirrituð lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu, er samið hefir hlutaðeigandi sýslunefnd.

Lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Mannsöfnuður eða uppbot, sem tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götu, vegi, eða þar sem almenningur fer um, eða við kirkjudyr eða dyr annara samkomuhúsa, þá skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögregluvaldsins, til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á alfaravegi, eða annarsstaðar þar sem almenningur fer um í kaптúninu, má ekki fljúgast á, blístra, æpa, kalla, syngja hátt eða hafa annan hávaða í frammi, eða óstjórnlegt og móðgandi háttalag, sem raskar friði og allsherjar reglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu, eða hafast neitt það að, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Enginn má skjóta úr byssu, skammbyssu, af boga, eða með öðrum skotvopnum, yfir götu eða á götu nje svæði, sem almenningur fer um, nje heldur kveikja í púðri, skoteldum eða öðrum sprengiefnum, og ekki kasta frá sjer steinum, glerbrotum, snjóköglum, vatni, slori, eða öðru, er tjóni getur valdið og óþægindum, þeim er umfara.

6. gr.

96

4. ág.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi og góðri reglu.

Einnig er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun á almannafæri, t. a. m. með ósæmilegum orðum og látbragði, eða með því að fletta sig klæðum eða gera annað sem hneyksli getur valdið.

7. gr.

Drukknir menn, sem finnast ósjálfbjarga á götu eða annarsstaðar á almannafæri, skulu heftir, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, ef ekki er annars kostur.

Þá menn, sem í ölæði hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt látbragð á almannafæri, skal hefta, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða annarsstaðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, nje heldur nálægt skipum á höfninni.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur, ef lögregluvaldið krefst þess, að segja til nafns síns og heimilis.

10. gr.

Lögregluvaldið getur krafð sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða mann, sem nærstaddur er, til þess að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hefta þá, er slikum óspektum valda. Eru allir skyldir að hlýða því boði.

II. kafli.

Akvarðæmir um að gjöra umferðina greiða.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á ljóskerum sýslunnar.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

13. gr.

96
4. ág.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi lóðareiganda láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum þar sem gengið er inn í hús eða garða.

14. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp nje setja neitt, sem tálmar umferð manna, hvort heldur það eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja nauðsynjar heim til sín og ekki geta lagt þær á eigin lóð, leggja þesskonar frá sjer meðan á flutningnum stendur, en gæta skulu þeir þess, að gjöra öðrum sem minstan farartálma. Vagnar og önnur flutningatæki mega aldrei standa á götu eða stræti lengur en meðan þau eru fyllt eða losuð.

Um stjettir, sem eingöngu eru ætlaðar gangandi mönnum, má enginn fara með flutningatæki, önnur en barnavagna.

15. gr.

Á götu, eða annarsstaðar, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna, eð gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja trje, járna hesta eða þviumlikt.

Bannað er og að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja til þerris á götu eða almannafæri.

16. gr.

Engum, sem ekki er 14 ára að aldri má trúa fyrir hesti, sem dregur sleða eða vagn.

17. gr.

Þeir, sem riða eða aka um götur eða stræti, skulu viðhafa alla aðgæslu, og er öllum bannað að riða eða aka nema fót fyrir fót, meðfram húsum og fyrir götuhorn, eða út og inn um ports- eða garðshlið.

Svo er og stranglega bannað að riða harðara en hægt brokk á götum kaupsins, og eru þeir, sem riða eða aka, skyldir til að gera fótgangandi mönnum, sem á undan fara, viðvart í tæka tíð.

Fælna hesta má ekki nota fyrir vagna. Auk þess mega hvorki fælnir eða slægir hestar ganga lausir um göturnar.

Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á götu, vegi eða almannafæri í kaupsinu, nema keyrslumaður, eða annar hæfur maður, haldi í tauma hestsins, nema hesturinn sje leystur frá.

18. gr.

Menn, sem mætast, hvort sem þeir ganga, riða, aka eða hjóla, vikji til vinstri handar hver fyrir öðrum.

19. gr.

Enginn má renna sjer á skiðum, skautum, leggjum eða sleðum á götum kaupsinsins.

20. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um göturnar, og skulu þeir ávalt hafa bjöllur á hjólum sínum og gæta þess að hringja í tæka tíð og ætið áður en þeir fara fyrir götuhorn. Ennfremur er þeim skylt að hafa luktir og kveikja á þeim, er þeir eru á ferð, frá því klukkutíma eftir sólarlag og til þess klukkutíma fyrir sólaruppkomu.

21. gr.

Menn, sem bera orf og ljá um götur, eða á almannafæri, skulu hafa það sitt í hvoru lagi.

22. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka gætilega um göturnar, og aldrei má siga hundum á hesta eða nautgripi á götunni eða nálægt húsum.

Enginn má láta hæns eða aðra alifugla gæslulausa, svo að þeir geri öðrum óskunda eða fari inn í umgirtar lóðir eða garða.

Hestar í kaupsíninu skulu jafnan hýstir á vetrum um nætur í vondum veðrum.

23. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu leidd í nægilega traustu bandi, og tveir menn að minsta kosti fylgja hverju nauti.

Ekki má naut standa úti á götu eða stræti gæslulaust.

24. gr.

Enginn má siga hundi á annan eða láta fyrirfarast að aftra þess, þegar hann verður var við að hundur ræðst á menn.

Hundar, sem ráðast á menn eða áreita skepnur, mega alls ekki koma út á götu eða almannafæri.

Hundar mega ekki vera lausir úti um nætur, svo nokkru ónæði valdi þeim, er nálægt búa, eða öðrum.

25. gr.

Varðhunda má enginn hafa, nema með leyfi lögreglustjóra, og þá því aðeins, að þeir hliti þeim nánari fyrirmælum, er hann kann að setja í hvert skifti.

Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa. Gefi sig enginn fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, getur hann látið lóga slíkum hundum.

26. gr.

Það er á ábyrgð eiganda að sauðfje eða gripir þeirra geri engan skaða eða óskunda í kaптúninu, hvorki skemmi fisk nje fari inn á umgirt svæði, mat-jurtagarða eða skrautgarða.

96

4. ág.

27. gr.

Enginn má án leyfis lögreglustjóra hengja vöruskápa, gluggaskýlur eða annað þesskonar utan á hús, þeim megin sem að götu snýr, og eigi setja eða láta standa í opnum gluggum neitt það, sem tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

28. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt þykir, skipað fyrir, hvernig hagað skuli umferðinni, meðan stendur á viðgjörð við götur.

29. gr.

Þegar hús eru byggð af nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem hann setur, til að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfaranda. Verkfæri eða verkefni má eigi leggja frá sjer á almannaferi, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar. skal eigandinn færa burtu, þegar húsagjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið.

30. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi orðið svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gjöra þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri gjört aðrar ráðstafanir í þessa átt á kostnað hlutaðeiganda. Sama skal og gilda þegar grjótgarðar skiðgarðar og aðrar girðingar liggja við falli, svo og ef bryggja er svo hrörleg, að umferð um hana getur verið hættuleg.

31. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúningur, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar smíðar, viðgjörðir á húsum og húsarof, skal vera nægilega traust. Heimilt skal lögreglustjóra að gjöra ráðstafanir hjer að lútandi. Brot gegn ákvæðum þessum eru á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns hússins.

96

4. ág.

32. gr.

Áhöld öll, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru á bryggju eða í húsum, sem liggja við alfaravegi eða þar sem almenningur fer um, skulu vera nægilega traust, og þeir sem þau nota skulu vera áreiðanlegir menn.

33. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá kjallaraopið vera byrgt með hlemm eða hlera, frá því dimt er á kvöldum, uns bjart verður á morgnana, nema opið sje nægilega afgirt með grindum beggja vegna.

34. gr.

Sporbrautir, sem liggja yfir götu eða svæði til almenningsnota, skal taka upp á hverju kvöldi undireins og dimma tekur.

Skal þess og yfirleitt gætt við notkun sporbrauta, að þær hindri sem minsta umferð, eða auki hættu á nokkurn hátt.

35. gr.

Þakjárn, sem notað er yfir fiskstakka skal bundið eða á annan hátt fest svo vel, að það fjúki ekki í stormi.

Svo er og bannað að hafa þakjárn, eða parta af þakjárninu laust úti, kringum hús eða á almannafæri, og hafa eigendurnir ábyrgð á að það ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla.

36. gr.

Báta má aldrei setja á vegi, bryggju eða svo nálægt vegi að þeir tálmi umferð.

III. kafli.

Um friðun almenningseigna.

37. gr.

Enginn má skemma, lýta, óhreinka, eða á annan hátt spilla eignum kaupþúnsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

IV. kafli.

96
4. ág.

Um reglu á veitingastöðum og öðrum almennum skemtistöðum.

38. gr.

Hverjum þeim sem hefir veitingasölu um hönd, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera alt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því að nokkuð fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

39. gr.

Á almennum veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt athæfi, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

40. gr.

Veitingahúsum og öðrum slíkum samkomuhúsum skal lokað eigi síðar en kl. 11 að kvöldi og allir gestir, sem eigi hafa þar næturstað, vera farnir út þaðan fyrir kl. 12.

Þó er fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, og með leyfi hans, heimilt að halda þar dansleiki, eða aðrar skemtanir, sem eigi eru bundnar við nefndan tíma, ef ekki taka aðrir þátt í þeim en fjelagsmenn og gestir þeirra. Hið sama gildir um brúðkaup og önnur samsæti tiltekinna manna.

41. gr.

Eigi má halda opinbera sjónleiki, samsöngva, hlutaveltu, myndasýningu, dansleiki fyrir almenning, eða aðrar þvilíkar samkomur eða skemtanir án leyfis lögreglustjóra.

Sje slíkt leyfi veitt, skal það jafnan því skilyrði bundið, að leyfishafi greiði í sveitarsjóð fyrir hverja samkomu, gjald er sýslunefndin ákveður fyrir fram fyrir eitt ár í senn.

Að öðru leyti skulu leyfishafar skyldir að hlíta þeim reglum, er lögreglustjóri setur, til þess að gæta reglu, velsæmis og hreinlætis í samkomuhúsinu.

42. gr.

Á opinberum samkomum, mega áheyrndur eða áhorfendur ekki trufla samkomuna með ósæmilegu látbragði eða hávaða, þannig að aðrir geti ekki notið þess, sem fram fer.

43. gr.

Í húsum þar sem opinberar samkomur eru haldnar, svo sem myndasýningar, sjónleikir, hlutaveltur og annað þessháttar, skulu vera að minsta kosti tvennar útgöngudyr, ekki minna en tveggja álna víðar og skulu hurðirnar falla út.

Aðgangur skal vera jafn greiður fyrir þá, sem inni eru, að báðum dyrunum.

96

44. gr.

4. ág. Þegar opinberar skemtarnir eða samkomur, hverskonar sem eru, eru haldnar að kvöldi dags eða fram á nótt í húsi, sem enginn býr í, skulu þeir, er standa fyrir slíku, láta 2 menn aðgæta öll eldfæri í húsinu og sjá um að engin eldhætta geti af hlotist.

45. gr.

Sjerhverjum, sem sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almenn samkoma, sem háreysti veldur, sje haldin svo nærri húsi hans, að hætta geti af því stafað eða ónæði.

46. gr.

Sýslunefndin ákveður, hvar upp skuli festa auglýsingar frá stjórnarvöldunum, og skal á kostnað sýslusjóðs útvega spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki og aðrar samkomur, sem leyft er að halda má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má ekki festa upp án leyfis húsráðanda og lögreglustjóra. Undanþegnar eru þó auglýsingar um húsið sjálft eða íbúa þess.

47. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Leyfilegar auglýsingar má enginn óviðkomandi rífa niður, óhreinka eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

V. kafli.

Um bann gegn samgöngum við skip.

48. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann álitur það nauðsynlegt, til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við útlend skip, eða þau skip, sem koma frá útlöndum. En skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VI. kafli.

96

4. ág.

Um alment hreinlæti og þrifnað.

49. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur, eftir þeim ákvæðum sem þar um eru sett í heilbrygðissamþykkt fyrir kaup-túnið eða samkvæmt henni.

50. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri, heldur skal það gert að húsbaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt að skepnur geti ekki sjeð blóðvöllinn.

Bannað er og að láta hunda koma á blóðvöllinn þegar slátrað er.

51. gr.

Stampa, opnar tunnur, fót eða önnur slík ilát, með lifur, grút, slori eða þviliku, má ekki láta standa meðfram vegum eða á almannafæri, nje heldur nokkuð annað, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

52. gr.

Bannað er að hella skólpi, sem fiskur hefir verið þveginn úr, nyr eða saltaður, á göturnar eða almannafæri.

Sje slíku skólpi helt í rennur meðfram götum eða vegum, skal þess vandlega gætt að grugg, sem sest á botninn á körum, komi ekki í rennurnar, heldur skal hlutaðeigandi flytja það burt á annan hátt.

Í ræsi og rennur meðfram vegum má aldrei hella öðru en skólpi, sem rennur tafarlaust áfram.

For, slor og annað þvilíkt skal jafnan flytja í heldum ilátum eða vögnum um göturnar, og varðar það sektum, ef út af er brugðið.

53. gr.

Ekkert hús eða herbergi í íbúðarhúsi má vera svo sett af mönnum eða útbúið, að heilbrigði þeirra sje hætta búin, en hvort svo sje ákveður heilbrigðisnefndin.

VII. kafli.

Um hreinsun reykháfa.

54. gr.

Húsráðendur skulu tvisvar á ári láta hreinsa reykháfa í húsum sínum, og skal það gert fyrir miðjan maí og miðjan nóvember.

VIII kafli.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði o. fl.

55. gr.

Samþykt þessi nær yfir alla Vestmannaeyjasýslu, nema þar sem sjerstaklega er talað um kauptúnið.

56. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 100 krónum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæflegri umsjón foreldra eða þeirra, sem ganga barninu í foreldra stað, skal refsa þeim en ekki barninu.

57. gr.

Láti einhver ógert það, sem skylda hans er samkvæmt samþykt þessari eða fyrirskipunum lögregluvaldsins samkvæmt henni, þá getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnaður við þetta eða annar kostnaður, sem leiðir af ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því sem bannað er í samþykt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur, og má taka þann kostnað lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885, um lögtak og fjárnam, án undanfarins dóms eða sáttar. Ef hlutaðeigandi við lögtakið reynist ófær um að borga kostnaðinn, greiðist hann úr sýslusjóði.

58. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á samþykt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sýslusjóði.

59. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál. Allar sektir fyrir brot á henni renna í sýslusjóð.

60. gr.

Samþykt þessi birtist í B-deild Stjórnartíðindanna, skal auk þess sjerprentuð á kostnað sýslusjóðs til útbýtingar meðal allra húsráðenda í sýslunni.

61. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. október 1915.

Þetta birtist hjer með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. ágúst 1915.

Einar Arnórsson.

Eggert Briem.